

Ályktun stjórnar landssamtakanna Geðhjálpar vegna landskönnunar embættis Landlæknis á: Geðrækt, forvörnum og stuðningi við börn í skólum á Íslandi

Landssamtökin Geðhjálp fagna því að Embætti Landlæknis hafi ráðist í landskönnun um geðrækt, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í skólum á Íslandi. Þorri barna og ungmenna á Íslandi eyða miklum tíma af lífi sínu innan veggja þessara stofnanna og því mikilvægt að sinna þeim þáttum vel sem hér eru undir. Með því að kortleggja stöðuna er hægt að horfast í augu við hana og ráðast í aðgerðir.

Landssamtökin Geðhjálp hafa áður bent á að þessi mótunarár, sem börn eru í leik-, grunn- og framhaldsskóla, séu gríðarlega mikilvæg þegar kemur að andlegri heilsu síðar á ævinni. Fordómar verða ekki til upp úr engu og jaðarsetning einstaklinga vegna geðrænna vandamála hefst því miður gjarnan á þessum árum barnsins í skólakerfinu.

Niðurstöður könnunarinnar koma ekki á óvart og þær ýta undir þær áhyggjur sem Geðhjálp hefur áður viðrað. Það er býsna sláandi að sjá þær hér samanteknar. Hér á eftir er aðeins tæpt á því helsta.

Í niðurstöðum könnunarinnar segir m.a. um stefnu og sýn á **leikskólastiginu**:

Í fæstum leikskólum reyndist skýr stefna og heildarsýn vera til staðar um geðrækt, forvarnir og snemmtækan stuðning við börn, innviðir eða áætlun til að styðja við farsæla framkvæmd og mat á fylgni starfsfólks við starfshætti sem ætti að viðhafa innan skólans til að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni barna. Allt eru þetta lykilþættir til þess að geðræktarstarf festist í sessi og verði árangursríkt.

Varðandi þekkingu starfsfólks á leikskólastigi segir:

Áhersla á að byggja upp þekkingu starfsfólks á þroska og geðheilsu barna ásamt færni í því að efla jákvæða hegðun, líðan og samskipti þeirra var að finna í starfsþróunaráætlunum tæplega tveggja af hverjum þremur leikskólum. Í ljósi mikilvægi þessara þátta fyrir farsælt starf og velferð barna væri ákjósanlegt að þetta væri til staðar í öllum leikskólum.

Í niðurstöðum um **grunnskólastigið** segir m.a. um heildarsýn og stefnu:

Aðeins rúmur þriðjungur grunnskóla hafði mótað sér heildarsýn og stefnu um geðrækt, forvarnir og snemmtækan stuðning við nemendur, sem var lægra hlutfall en á öðrum skólastigum. Unnið var samkvæmt skilgreindu verkferli og áætlun um innleiðingu geðræktarstarfs í rúmum 40% grunnskóla og innviðir, s.s. teymi, verkferlar og stuðningur við starfsfólk, voru til staðar í rétt undir helmingi skólanna. Aðeins einn af hverjum fimm grunnskólum fylgdist með því hvort þær aðferðir, sem ákveðið var að nota til að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni nemenda, væru í raun notaðar í skólanum.

Í niðurstöðum um úrræði og stuðning við nemendur á grunnskólastigi segir:

Þegar kom að úrræðum og stuðningi við nemendur var sláandi að sjá hve staðan var víða slæm en mun færri grunnskólar en skólar á öðrum skólastigum höfðu snemmtæk og sívirk úrræði til að mæta þörfum nemenda vegna hegðunar-, félags- eða tilfinningalegra erfiðleika. Svarendur í 80% leikskóla og 84% framhaldsskóla sögðu slík úrræði vera til staðar en aðeins í 60-65% grunnskóla. Lausnateymi var aðeins til staðar í rúmum helmingi grunnskóla samanborið við tvo af þremur leikskólum.

Þrátt fyrir að réttindi grunnskólanemenda til einstaklingsnámskrár hafi verið staðfest með reglugerð reyndust aðeins tæp 60% grunnskóla veita öllum nemendum, sem eiga erfitt með nám, hegðun eða aðra þætti sem hindra farsæla skólagöngu, einstaklingsmiðaða stuðningsáætlun. Þessi staða hlýtur að teljast alvarleg í ljósi skólastefnu um menntun fyrir alla og réttindi nemenda til þess að komið sé til móts við þarfir þeirra í skólastarfi.

Að lokum var sláandi, líkt og á öðrum skólastigum, að sjá hve fáir grunnskólar höfðu skráða verkferla sem allt starfsfólk þekkti um viðbrögð vegna geðheilbrigðisvanda, ofbeldis og vanrækslu eða fóru árlega yfir ábyrgð og skyldur starfsfólks varðandi tilkynningar til barnaverndar.

Framhaldskólinn er líka tekinn fyrir og þar segir um sýn og stefnu:

Hlutfall skóla sem hafði mótað sér heildarsýn og stefnu um geðrækt, forvarnir og stuðning við nemendur var hæst í framhaldsskólum en líkt og raunin var á öðrum skólastigum var sjaldgæft að unnið væri eftir áætlun um innleiðingu, að innviðir væru til staðar til að styðja við farsæla framkvæmd og að fylgst væri með því hvort unnið væri í samræmi við þá starfshætti sem ákveðið hefði verið nota innan skólans til að efla hegðunar-, félags- og tilfinningafærni nemenda.

Í ljósi þess að margir framhaldsskólar eru með fjölbrautarkerfi þar sem nemendur eru með ólíkum hópum í hverju fagi og auðvelt er að „týnast“ í fjölmönnum skólum væri eflaust gagnlegt að finna leiðir til að nýta tengslakannanir betur í framhaldsskólum og fá yfirsýn yfir þann hluta nemenda sem hefur veik tengsl við samnemendur og/eða starfsfólk í skólanum. Þetta gæti nýst við áætlanagerð til að auka velfarnað nemenda og hindra brotthvarf á framhaldsskólastigi.

Um langt árabíl hefur áhersla samfélagsins verið að laga börn að skólakerfinu í stað þess að laga skólakerfið að börnum og þörfum þeirra. Það þarf ekki annað en að horfa á niðurstöður greininga til þess að sjá þessa stefnu í verki. 10,9% drengja á Íslandi og 5,5% stúlkna er með einhverja greiningu¹. Ísland trónir á toppnum af öllum löndum Evrópu en til samanburðar eru 0,6% drengja og 0,4% stúlkna í Svíþjóð með einhverja greiningu. Það þarf að hverfa frá hugmyndafræðinni um að greining sé lausn. Aðgerðir á forsendum barna en ekki á forsendum skólakerfisins er lykillinn.

Landssamtökin Geðhjálp skora á stjórnvöld og samfélagið allt að taka mark á þessari könnun og þeim ábendingum sem settar eru þar fram. Það þarf nýja nálgun þar sem hagsmunir kerfisins eru settir til hliðar og hagsmunir barna eru settir í öndvegi. Með því að setja geðrækt, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í forgang á Íslandi erum við að byggja í haginn til framtíðar. Einfaldar lausnir eru ekki til en með samstilltu átaki allra aðila sem koma að íslenska skólakerfinu getum við lyft grettistaki. Það er svo sannarlega þess virði enda framtíða barnanna okkar í húfi.

¹ European Agency Statistics on Inclusive Education/Morgunblaðið 15. september 2019.